

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 238.

27. maí 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 320.00 á hemil á mánuði. Vatnsgjald er kr. 570.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. maí 1975.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 239.

26. maí 1975.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar — 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar — 31. maí 1975:

Söltuð ufsaflök.

15/20	kr. 220.00
21/25	— 215.00
26/30	— 207.00
31/35	— 200.00
36/40	— 192.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3% er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum nema 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

23. maí 1975.

Nr. 240.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstök skipti, fullorðnir	kr.	60.00
— — börn	—	25.00
10 miða kort fullorðnir	—	400.00
— — — börn	—	150.00
Gufubað	—	120.00
Leiga á sundfötum	—	40.00
Sundnámskeið fullorðnir, 20 st.	—	1 500.00
— börn 20 st.	—	1 000.00

Íþróttafélög:

16 ára og eldri, 10 miðar	—	200.00
Yngri en 16 ára, 10 miðar	—	120.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með sankvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 285 18. september 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

21. maí 1975.

Nr. 241.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 15. sept. 1974 til minningar um Jónas Halldórsson bónda, Leysingjastöðum, og Ara Hermannsson bankagjaldkera, Blönduósi, en þeir létust af slysförum hinn 25. ágúst 1973.